
Fornleifauppgröftur á Dysnesi við Eyjafjörð 2017:

Fyrri áfangi með enskri samantekt



Howell Magnús Roberts

Reykjavík 2017

FS663-17121

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíða /Cover Image

Kumlateigurinn á Dysnesi við lok uppgrftar. Loftmynd: Lísabet Guðmundsdóttir.

The Burial Field 071:009 at the end of excavation. Photograph: by Lísabet Guðmundsdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2017

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Uppgrftarstaðirnir	6
EY-071:012 – Meintar tóftaleifar	6
EY-071:022 – Meint tóft	8
EY-071:026 – Tóft	9
EY-071:049 – Meint garðlag	11
EY-071:009 Kumlateigur	12
Archaeological Excavations at Dysnes, 2017: An English Summary	14

Fornleifauppgröftur á Dysnesi 2017

Inngangur

Vegna deiliskipulagsvinnu og fyrirhugaðra framkvæmda á Dysnesi í landi Syðri-Bakka og Pálmholts í Hörgársveit óskaði Hafnasamlag Norðurlands eftir að Fornleifastofnun Íslands annaðist rannsókn með uppgrefti á svæðinu. Var rannsóknin gerð í samræmi við óskir Minjastofnunar Íslands og fólst einkum í að skera úr um hvort ummerki á tilteknum stöðum væru fornar mannvirkjaleifar. Um fyrri athuganir á Dysnesi og nágrenni vísast til áður útgefinna rita þar um¹. Uppgröftur hófst 6. júní 2017 og honum lauk 20. júlí 2017. Í þessari skýrslu verður fjallað um fyrri hluta athugana, þ.e.a.s. þær sem beindust að nokkrum stöðum innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem fram höfðu komið við deiliskráningu árið áður. Þessari skýrslu fylgir samantekt á ensku aftast. Fjallað verður um stærsta minjastaðinn, þ.e. kumlateiginn sem fannst við frumrannsóknina í sérstakri skýrslu sem út kemur 2018.

Howell Magnus Roberts var uppgrafterstjóri og aðrir þátttakendur voru: Hildur Gestsdóttir fornmeinafræðingur sem jafnframt var aðstoðaruppgrafterstjóri, Lísabet Guðmundsdóttir, Guðrún Alda Gísladóttir, Mjöll Snæsdóttir, Lilja L. Davíðsdóttir, Gísli Pálsson, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Orri Vésteinsson, Michael House, Stefán Ólafsson, Gylfi Helgason, Ramona Harrison, Kathrine Stene og Monica Enehaug.

Uppgrafterhópurinn naut jafnframt aðstoðar og stuðnings frá Sigríði Þorgeirsdóttur forverði (Þjóðminjasafni Íslands), Rúnari Leifssyni minjaverði Norðurlands eystra, Ástu Hermannsdóttur (Minjastofnun Íslands), Lilju Björk Pálsdóttur, Þóru Pétursdóttur, Garðari Guðmundssyni (FSÍ), Chiara Ronchini (Historic Environment Scotland) og fleiri aðilum.

Verkefnisstjórn skipa Howell Roberts, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Adolf Friðriksson og önnur umsjá á vegum Fornleifastofnunar Íslands var í höndum Ólafar Þorsteinsdóttur.

Höfundur vill að lokum þakka samstarfsmönnum við rannsóknina, Hafnasamlagi Norðurlands, landeigendum, sveitastjórn Hörgárbyggðar og gestgjöfum í Þelamörk fyrir ánægjulega og árangursríka samvinnu.

¹ Adolf Friðriksson (2005). *Brimnes, Dysnes og Bakki. Frumkönnun á þremur iðnaðarlóðum á Norðurlandi*. FS272-05251, Reykjavík : Fornleifastofnun Íslands; Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (2008). *Fornleifaskráning í Arnarneshreppi*, FS377-06251, Reykjavík 2008; Stefán Ólafsson (2016). *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021, Reykjavík. Sjá einnig: Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps* 1985, ópr. Þjóðminjasafn Ísl.



Mynd 1 – Kort af fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og staðsetningu minja.

Figure 1 – Map of Development area and potential archaeological remains

(Stefán Ólafsson – FS615-16021 “Deiliskráning við Dysnes”. Aerial Photo: Loftmyndir ehf)

Uppgrafterstaðirnir

Fimm svæði voru athuguð við upphaf rannsókna, í samræmi við úrskurð Minjastofnunar. Þau voru (sjá mynd 1):


- Ey-071:012. Meintar tóftaleifar
- Ey-071:022. Meintar tóftaleifar
- Ey-071:026. Tóft
- Ey-071:049. Meint garðlag
- Ey-071:009. Meint kuml

Ummerki á þessum stöðum vöktu grun um að þar væri fornleifar að finna og var tilgangur rannsókna að ganga úr skugga um það í hverju tilfelli. Í þremur tilfellum fundust engar mannvistarleifar og voru þau fljótafgreidd. Á einu svæðinu komu í ljós leifar af litlu mannvirki úr torfi og var það fullrannað á fáeinum dögum. Á fimmta svæðinu (nr 009), þar sem talið hafði verið möguleg gröf rá heiðni, reyndust vera minjar, og mun fleiri og flóknari en ætla mátti. Verður nú vikið nánar að hverjum stað fyrir sig.

EY-071:012 – Meintar tóftaleifar

Út við ströndina, á nær miðjum deiliskipulagsreitnum er staður sem hafði verið skráður sem rústasvæði í fornleifaskrá Þjóðminjasafns Íslands árið 1985². Er hann við tjörn, á sjávarbakknum, skammt sunnan Dysness en um 530 m norðan við Pálmholtslæk sem liggur á suðurmörkum deiliskipulags. Í skráningu Guðmundar Ólafssonar var staðnum svo: „b) Norðan við tjörnina er lítil rúst um 4x4 m að innanmáli. A-gafl er alveg við sjávarbakkann og er að byrja að rofna af ágangi hans. Inngangur er á V-hlið. Veggir eru allgreinilegir, sumstaðar allt að 60 cm háir. c) Norðan við b) er rúst sem snýr niður að sjó. A-gafl er opinn, eða þá eyddur af sjávarágangi. Rúmlega 10 m norðan við c) er lítil hola um 1 m í þvm...”

² Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps*, Þjóðminjasafn Ísl., ópr. 1985.




Mynd 2. Meintar tóftir 012.

Figure 2. Possible ruin. (Höf./Drawing: Stefán Ólafsson 2016).

Við skráningu Fornleifastofnunar 2016 á minjum innan deiliskipulagsreits voru fyrri athuganir á þessum stað endurskoðaðar. Niðurstaðan varð sú að þótt vissulega sæjust þar þústir, þá væri óvíst að þær væru leifar fornra mannvirkja³.

Eina leiðin til að skera úr um eðli staðarins var að gera þar nánari rannsókn með uppgrefti. Við athugunina var yfirborðsjarðvegi flett ofan af þústunum með vélgröfu. Engar sýnilegar mannvistarleifar komu fram við þá athugun. Var síðan grafið niður í óhreyfðan, náttúrulegan jarðveg, sem hefur m.a. að geyma forsöguleg gjóskulög, en þar var sömu sögu að segja: Þústirnar eru náttúruleg ummerki. Að höfðu samráði við Minjastofnun, var frekari rannsókn hætt enda ljóst að ekki væri eftir neinu að slægjast.

³ Stefán Ólafsson (2016). *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021, staður nr. 012.



Mynd 3. Staður nr. 022.

Figure 3. Site no. 022.

(Höf./Drawing: Stefán Ólafsson 2016).

Í skrá Þjóðminjasafns frá 1985 er greint frá tóft á sjávarströndinni, skammt norðan við Dysnes⁴. Þar segir: „Veggir allt að 0,6 m háir, en sumstaðar allhrundir. Sunnan við tóftina er stór þúfa um 1 m á hæð. Inngangur snýr niður að sjó og þar virðist vera lítið hliðarberbergi sem er hálfhrunið saman. Rústin stendur niður við sjóinn og er eins og hún geti hafa spillst eitthvað af ágangi sjávar.“ Við vettvangsathugun Fornleifastofnunar 2016 var þessum ummerkjum líst sem svo að þar virtist vera ein rúst fremur en tvær⁵. Voru þessi ummerki rannsökuð með grefti sumarið 2017.

Yfirborðslög voru grafinn upp með aðstoð vélgröfu. Í þeim fundust engin merki um mannvirkjaleifar. Uppgrefti var haldið áfram uns komið var niður í náttúruleg jarðlög frá forsögulegum tíma. Ljóst er að á þessum stað hefur ekkert mannvirki staðið og var frekari rannsókn hætt í samráði við Minjastofnun.


⁴ Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps*, Þjóðminjasafn Ísl., ópr. 1985.

⁵ Stefán Ólafsson (2016). *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021, staður nr. 022.

EY-071:026 – Tóft

Í fornleifaskrá Þjóðminjasafns frá 1985 er greint frá ógreinilegri tóft sem er á sjávarbakkanum, um 220 m norðan við Pálmholtslæk⁶. Staðurinn var tekinn upp í aðalskráningu hreppsins 2007, og athugaður á vettvangi við deiliskráningu 2016.

Við yfirborðsathuganir var að sjá sem tóftin væri aflöng og tvískipt, um 10 löng og 6 m breið og sneri N-S. Sjávarbakkinn er talsvert hár en rof er í bakkanum og staðurinn því í hættu vegna ágangs sjávar.



Mynd 4. Tóft nr. 026.


Figure 4. Site no. 026. (Höf./Drawing & Photo: Stefán Ólafsson 2016).

Við uppgröft var gróður og yfirborðslög fjarlægð með aðstoð vélgröfu á um 50 fermetra svæði, í kringum þann stað þar sem tóft sást á yfirborði. Þegar allur moldarjarðvegur [500] hafði verið fjarlægður með grafskeið kom í ljós hrúnið byggingartorf [501] sunnan tóftina. Var torfið um 40 cm þykkt og í því var forsögulegt gjóskulag (H3) frá Heklu. Tóftin [505] reyndist ekki vera tvískipt eins og áður var talið, heldur kom í ljós ferhyrnd hleðsla sem var um 50 sm há, um 2.5m á hvorn veg og með opinn norðurgafli. Náði vesturveggur talvert lengra til norðurs, og lá í borga til norðausturs, alls um 4.6 m langur. Í gatinu milli

⁶ Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskrá Arnarneshrepps*, Þjóðminjasafn Ísl., ópr. 1985, nr. 61.

bogadregna veggjarins og norðausturhorns tóftarinnar var hrúnið torf [503] og þar hafði verið bætt við torfi [502, 504], hugsanlega til viðgerðar á hleðslunum.

Engir gripir fundust við rannsóknina og innan tóftarveggja voru engin gólflög eða önnur ummerki. Gjóska frá Heklu sem féll um 1300 fannst í yngri hleðslunni við norðurgafl, en ekki í upprunalegum hleðslum tóftarinnar. Gefur það vísbendingu um að upphafleg bygging hafi verið reist fyrir árið 1300. Óvíst er hvaða hlutverki mannvirkið gegndi, en m.t.t. til staðsetningarinnar mætti ætla að það hafi verið notað sem e.k. skemma fyrir veiðarfæri eða annað sem varðar sjósókn.



Mynd 5. Tóft 026 eftir uppgröft


Figure 5. Plan of 026.

EY-071:049 – Meint garðlag

Við fornleifaskráningu á deiliskipulagsreitnum árið 2016 kom í ljós ummerki sem líktust garðlagi, um 370 m NNA við íbúðarhúsið á Gilsbakka og 100 m vestan við sjávarbakka. Virtist það tæplega 50 m langt⁷.

Sumarið 2017 var grafinn prufuskurður með vélgröfu, um 7 m langur, 1 m breiður og allt að 1,6m djúpur. Sjá má afstöðu jarðlaga í þversniði skurðarins (mynd 6). Þegar yfirborðslög [001] voru fjarlægð kom í ljós óhreyfður mýrarjarðvegur [002] og járnútfelling [003, 005]. Þar undir sem yfirborðið reist hæst var gulbrúnt lag með mörgum grágrænum gjóskulinsum í [004]. Líktist það torfhleðslu, en gæti þó mögulega verið e.k. frostlyfting. Undir því voru óhreyfð, dökkbrún moldarlög með plöntuleifum [006, 007] og óhreyft, forsögulegt lag [008]] úr Heklu (H3) þar undir.

Rannsóknin skar ekki úr um með fullri vissu að ummerkin væru manngerð. Kúfurinn sem liggur efst og sést á yfirborði er ljóslega ekki hleðsla. Gæti hann hafa safnast upp fyrir duttlunga náttúrunnar. Að höfðu samráði við Minjastofnun var ekki gerð frekari rannsókn á staðnum.



Mynd 6 – EY-071:049, þversnið skurðar

Fig 6. Site 049. East-facing section.

⁷ Stefán Ólafsson (2016). *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021, staður nr. 049.

EY-071:009 Kumlateigur

Svo sem fram hefur komið reyndust þrír af áður nefndum fjórum stöðum ekki vera mannvistarleifar, þrátt fyrir ummerki sem þar mátti sjá. Einna ógleggstur var fimmti rannsóknarsstaðurinn, meint kuml á Dysnesi⁸. Örnefnið „Dysnes“ gefur til kynna að þar séu eða hafi verið dysjar, en oft er það svo að grafið hefur verið í hóla og þúfur á stöðum sem heita sambærilegum nöfnum, er síðan reynast vera náttúrusmíð. Dysnes hefur eflaust náð lengra í sjó fram og er nú lítið eftir af því. Þar eru nokkrar dokkir sem minna á rofin kuml sem fundist hafa annarsstaðar á landinu, m.a. á Kumlholti sem liggur við sjávarbakkann, nærri Pálmholtslæk í SA-horni deiliskipulagsreitsins.

Fyrir lá að kanna þennan stað sem aðra og virtust litlar líkur á að finna þar heiðna gröf eða grafreit. En viti menn, þar kom í ljós ekki einasta stök gröf, heldur kumlateigur. Fjallað verður um uppgröftinn á honum í næstu skýrslu, en hér skal gefið stutt yfirlit yfir það sem í ljós kom.

Við rannsókn komu m.ö.o. í ljós leifar af stórum kumlateig, með sex gröfum og haugum. Þar af reyndust a.m.k. tvær þeirra vera að auki bátkuml. Annar báturinn (sá syðri) var óvenju vel varðveittur og fundust þar umtalsverðar viðarleifar og bátsaumur, ásamt leifum af mannsbeinagrind og hundi og ýmsum forngripum, s.s. skjaldarbólu. Báturinn hefur verið um 6,5m á lengd og er fágætur fundur hér á landi. Norðan hans fundust leifar af öðrum báti í kumli, sem hafði skemmt talsvert vegna ágangs sjávar á ystu brún nessins. Þar fannst bátsaumur, beinaleifar úr manni og dýrum og vopn: sverð, tvö spjót og meint skjaldarbóla.

Vestan syðri bátsins var stór haugur, sem reistur hafði verið úr torfi og grjóti yfir gröf sem í voru leifar manns og hunds. Í þeirri gröf fundust skartgripir: kringlótt næla með skrauti frá víkingaöld og steinasörvi.

Við norðausturbrún rannsóknarsvæðisins kom í ljós blásið og rótað kuml. Þrátt fyrir að það væri talsvert skemmt þá fundust á botni grafarinnar beinaleifar manns og dýrabein, annað sverð, stórt brýni og rónaglar sem gætu verið leifar af skildi. Við hliðina á gröfnni fannst einnig kringlótt næla úr bronsi með skrauti.

Vestan við nyrðri bátinn, fannst stór haugur, flókinn að gerð og hlaðinn úr torfi og steini. Í honum voru leifar manns og hests og þar voru beislishringjur og silfurbaugur, en slíkir fingurbaugar eru fágætir á öllum Norðurlöndum á víkingaöld.

⁸ Sjá Stefán Ólafsson (2016). *Deiliskráning við Dysnes*. FS615-16021, staður nr. 009.

Norðan og vestan við þennan haug var enn einn stóri haugurinn úr torfi og grjóti. Í honum voru bein úr manni og dýri ásamt mjög vel varðveittum spjótsoddi.

Á teignum komu í ljós ýmis ummerki hér og hvar innan um haugana, s.s. stoðarholur og pyttir, en ekki ljóst hvaða hlutverki þau hafa gegnt.

Um allan kumlateiginn mátti sjá að rjálað hafði verið við haugana og grafirnar fyrir mörgum öldum síðan. Mögulega eru það ummerki um grafarrán, eða jafnvel hefur raskið verið hluti af hinum heiðna greftrunarsið. Greining á beinum, gripum og öðrum rannsóknargögnum er ekki lokið, en nú þegar er ljóst að Dysnes er einn af allra merkustu kumlateigum sem þekktir eru á Íslandi. Þessi fornleifafundur hefur gildi á alþjóðavísu og mun varpa nýju ljósi á heiðinn greftrunarsið hér á landi og í heimi norrænna manna á víkingaöld.

Archaeological Excavations at Dysnes, 2017: An English Summary

BACKGROUND

Five targets for investigation were identified by Minjastofnun Íslands, and their investigation was conducted according to a detailed specification prepared by Minjastofnun Íslands (see fig 1). The five targets were;

- A trial trench through a possible boundary wall (EY-071:049)
- Excavation of possible ruin (EY-071:012)
- Excavation of possible ruin (EY-071:022)
- Excavation of possible ruin (EY-071:026)
- Evaluation of possible burial field (EY-071:009)

Three of these (071:049 – see below, 071:012 and 071:022) proved to be of no archaeological interest and were rapidly discounted. One (071:026 – see below) proved to be a small, simple turf ruin, fully excavated and recorded in a few days. The last – location 071:009, the possible burial field at Dysnes, proved to be both larger and more complex than expected.

RESULTS

EY-071:012 – Possible ruin

A small irregular surface anomaly had been identified by surface survey near to the shoreline. This area was uncovered with the aid of a mechanical excavator. No archaeological remains were encountered, and mechanical excavation proceeded to natural sterile horizons. In consultation with Minjastofnun Íslands work was discontinued.

EY-071:022 – Possible Ruin

A small possible ruin had been previously identified by surface survey near to the shoreline. This area was uncovered with the aid of a mechanical excavator. No archaeological remains

were encountered, and mechanical excavation proceeded to natural sterile horizons. In consultation with Minjastofnun Íslands work was discontinued.

EY-071:026 – Turf Structure

A small but clear turf built structure was visible on the surface. Overburden and topsoil was removed with the assistance of a mechanical excavator. The structure was hand cleaned and recorded, prior to excavation. The structure measured circa 4.6m in length and up to 2.4m in width. Its turf walls survived to a height of circa 0.5m. No artefacts or environmental samples were recovered during hand excavation, and no occupation or working surfaces came to light, neither within nor without the structure. Tephra layers noted within the turf walls and subsequent repairs might suggest an original construction date prior to 1300. The primary build lacks the blue/grey H1300 tephra, whilst later repairs include said tephra. The function of the structure remains unknown, although its shoreline position is suggestive of use as a storage building for the exploitation of marine resources.

Context	Description	Date	ID
26-500	Surface/topsoil	12/06/2017	LG
26-501	Turf collapse south of the ruin. Soft red brown/yellow/purple turf/silt, up to 40cms thick. Includes H3 tephra	12/06/2017	LG
26-502	Turf addition, possible wind break. Soft red brown/yellow/purple turf/silt, multi layered. Up to 15cms thick	12/06/2017	LG
26-503	Turf collapse at the entrance to ruin. Firm to friable, dark red/brown and blue/grey sandy silt/turf. Up to 20cms thick. Includes H1300 tephra?	12/06/2017	LG
26-504	Later turf addition or repair at northern end of ruin. Firm to friable, red brown/yellow/blue turf. Includes H1300 tephra?	12/06/2017	LG
26-505	Primary turf wall. Soft to friable yellow/red brown/purple brown turf silt. Up to 48cms high. Composed of strengur. Northernmost portion may be added later.	12/06/2017	LG

Table 1. A list of contexts in ruin 026.

EY-071:049 – Possible Boundary

An evaluation trench measuring circa 7m in length x 1m in width and up to 1.6m in depth was excavated through possible boundary wall 071:049, with assistance of a mechanical excavator. Although a clear surface anomaly is present, no conclusive evidence of turf construction was indicated in the section. It is possible that that layer 49-004 might be anthropogenic in origin, but might equally represent frost action. In consultation with Minjastofnun Íslands, no further investigation was pursued.

Context	Description	Date	ID
49-001	Surface/topsoil	07/06/2017	LG/GH
49-002	Yellow green bog deposit, firm clay silt, naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-003	Reddish orange bog deposit. Iron pan.	07/06/2017	LG/GH
49-004	Yellowish green brown clay silt with multiple grey green tephra layers. Likely cryoturbation, possibly remnant of turf wall.	07/06/2017	LG/GH
49-005	Reddish orange bog deposit. Iron pan.	07/06/2017	LG/GH
49-006	Dark purplish brown bog deposit with well-preserved plant remains. Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-007	Dark red brown bog deposit with well-preserved plant remains. Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-008	White/cream prehistoric tephra layer. H3? Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-009	Dark brown bog deposit with plant remains. Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-010	Pale yellow brown tephra layer. H4? Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH
49-011	Dark brown bog deposit. Naturally deposited	07/06/2017	LG/GH

Table 2. A list of contexts in 049.

EY-071:009 - Burial Field

This area contained the remains of 6 substantial burial monuments and burials. These included 2 boat burials discovered in the erosion face. One of the boat graves (southernmost – Group [116]) was exceptionally well preserved and contained extensive remains of preserved nails and mineralised wood, along with human and dog remains and a number of further artefacts including a shield boss. The boat measured approximately 6.5m in length, and is an exceptionally rare find. Directly north of this boat the partial, heavily eroded remains of a second boat were recovered (Group [124]). Although much less well preserved, this boat contained a substantial collection of boat nails, also human and animal remains and artefacts including a sword and 2 possible spears, and a likely shield boss.

To the west of the southern boat, a large turf and stone burial mound was excavated (Group [126]), including human and dog remains. This complex feature also contained an ornate Borre style bronze brooch and several simple beads.

At the north-eastern limit of the site, a further eroded burial was discovered (Group [127]), and although a large part of this feature is thought to have been lost, human and animal remains were recovered, along with a second sword, a large whetstone and numerous nails, perhaps the remains of a shield. Adjacent to this feature, a small bronze brooch was found in disturbed deposits likely to originate from this grave.

To the west of boat grave [124], a further large complex burial mound was excavated (Group [122]). This contained human and horse remains within a turf and stone structure. Artefacts include a silver finger ring, and a well preserved horse bit.

Further to the north and west of the latter feature, a third large complex burial mound of turf and stone was excavated (Group [125]). This contained a few human/animal bones, and a very well preserved iron spear head.

All the excavated features showed clear evidence of multiple re-opening events in antiquity, possibly for purposes of robbing, but also perhaps for other reasons.

A number of other small features such as postholes and pits were excavated in and around the burial monuments. Dysnes is one of the most important burial finds of recent years, and perhaps most readily compared to the burial field at Dalvík excavated over a century ago. It is a find of major international importance, and will shed much new light on the scale and complexity of Viking period burial practices in Iceland and further afield.

Post excavation analysis of the Burial Field 071:009 will be conducted through the winter and spring of 2017-2018. A final report is expected in late spring of 2018. A major part of that work will include the conservation and analysis of the artefactual material, and will be carried out in co-operation with Þjóðminjasafn Íslands. Over 1000 iron and other artefacts were recovered, the great majority of these being nails and/or clench bolts and /or roves. Other tasks include the detailed analysis of wood remains, the study of human osteological material, the study of the archaeo-faunal material, the development of a structural and stratigraphic narrative and, not least, a preliminary assessment of the importance of the discovery in a broader national and international context.